

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 53/1996.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Gunnari Orvari Skaptasyni

(Kjartan Ragnars hrl.)

Fjádráttur. Skilorð. Skaðabætur. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1996 að ósk ákærða með vísun til b-, c- og e-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

Ákærvald krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu skaðabóta, en að refsing verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi að öllu leyti eða að minnsta kosti varðandi nánar tiltekna fjárkröfur á hendur ákærða. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum í ákæru. Til þrautavara krefst ákærði staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að sýknað verði af fjárkröfum.

I.

Krafa ákærða um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi styðst við það, að stórfelldur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins og hann sé andstæður lögum.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ritaði skiptastjóri þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. ríkissaksóknara bréf 11. mars 1991 og tilkynnti honum um ætlað refsivert athæfi ákærða. Auk ákæruefnis þess, sem mál þetta fjallar um, var talið, að um væri að ræða bókhaldsbrot, vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda og viðskipti ákærða við nafngreinda aðila. Ríkissaksóknari krafðist aðgerða Rannsóknarlögreglu ríkisins 4. júní 1991. Rannsókn málsins hófst í ágúst 1991, en gögn málsins bera ekki með sér, að skýrsla hafi verið tekin af ákærða fyrr en 4. nóvember 1992. Þrír aðrir menn voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu í október 1992 og einn í desember

sama ár. Að beiðni rannsóknarlögreglu athugaði Jón P. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, bókhald og ráðstöfun fjármuna hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. Er skýrsla endurskoðandans dagsett 8. maí 1994. Var hún kynnt ákærða 6. júní 1994. Eiginkona ákærða er yfirheyrð sem sakborningur 9. sama mánaðar, en eftir það virðist málið hvíla að mestu hjá rannsóknarlögreglu, þar til hún sendir ríkissaksóknara rannsóknargögn 9. maí 1995. Ákæra er gefin út 22. ágúst 1995.

Pótt fallast megi á, að rannsóknin hafi verið viðamikil af þeim ástæðum, sem greinir í héraðsdómi, hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á hinum mikla drætti á rannsókn málsins af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Átelja ber þessa málsmeðferð, sem er andstæð 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994, sbr. nú einnig 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með áorðnum breytingum.

Hins vegar ber að fallast á það með héraðsdómara, að málið sé nægilega upplýst til þess, að efnisdómur verði á það lagður. Verður ekki séð, að dráttur á því hafi orðið til þess, að ákærði hafi misst tækifæri til þess að koma að vörnum gegn kröfum ákæruvalds eða skaðabótakröfu. Hér er og þess að gæta, að framkoma ákærða sjálfs olli nokkrum tögum. Fullyrðingar ákærða um afhendingu hans á bókhaldsgögnum eru mótsagnakenndar. Hefur hann viðurkennt fyrir skiptarétti Grindavíkur, að hann hafi ákveðið „að draga það eins lengi og ég mögulega gæti að koma“ til skiptastjóra nánar tilteknum gögnum um bókhald hraðfrystihússins. Samkvæmt því, sem nú var rakið, er hafnað kröfu ákærða um ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var ákærði ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá og með 15. desember 1988. Hafði hann þá með kaupum á hlutabréfum tryggt sér meiri hluta í félaginu og eftir það í reynd rekið félagið eins og hann væri einkaeigandi þess, allt þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 1989. Auk þess hélt hann ekki aðgreindum fjármunum félagsins og Lagmetisíðjunnar Garða hf., sem hann veitti forstöðu. Í skýrslum endurskoðenda er lýst margþættum annmörkum á bókhaldi og gögnum um fjármál hraðfrystihússins á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst, að skipt-um þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. er ekki lokið. Ekki liggur fyrir staða búsins nú, en eftir kröfulýsingarskrá töldust almenningar kröfur rúmlega 105 milljónir króna, forgangskröfur um 6,5 milljónir króna og kröfur utan skuldaraðar rúmlega 2,6 milljónir króna. Eignir töldust um 3,4 milljónir króna og óvissar eignir 7,7 milljónir króna. Ákærði lýsti ekki launakröfu í þrotabúið.

Um launakjör ákærða var ekkert bókað fyrr en á stjórnarfundi 20. febrúar 1989. Skjal það með fyrirsögninni Starfssamningur, sem undirritað er af ákærða og tengdaföður hans fyrir hönd Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., er dagsett, eftir að félagið fékk greiðslustöðvun 10. febrúar 1989. Í málinu kemur fram, að félagið hafði sáralitla starfsemi með höndum árið 1989. Var meginverkefni ákærða þá að freista þess að sameina félagið Lagmetisíðjunni Garða hf., þar sem hann hafði lykilaðstöðu vegna hlutafjareignar. Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, verður að telja, að fjárhæð launa og annarra fríðinda samkvæmt framangreindu skjali hafi verið í engu samræmi við hina bágbornu fjárhagssstöðu hlutafélagsins. Þykir gerð hans hafa brotið í bága við ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá giltu.

Samkvæmt framansögðu og af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, er ekki unnt að taka til greina varnir, sem felast í því, að hann hafi átt launakröfu á grundvelli umrædds skjals. Varnir, sem lúta að því, að hann hefði getað notað launakröfuna til skuldajafnaðar gagnvart kröfum þrotabúsins samkvæmt 32. gr. nefndra laga, sbr. nú 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., eru og haldlausar, eins og atvikum er háttað.

Að þessu virtu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu. Með vísun til röksemda í hinum áfrýjaða dómi og þess, að ákærði dró sér verulegt fé, sem hann hefur ekki endurgreitt að neinu leyti, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og þess sérstaklega, að við rannsókn málsins var brotið gegn mikilvægum réttarreglum um hraða og eðlilega málsmeðferð, þykir rétt að skilorðsbinda refsinguna, svo sem greinir í dómsorði.

III.

Ákærði heldur því fram, að skaðabótakrafa þrotabús Hraðfrysti-

húss Grindavíkur hf. sé fyrnd samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Ákvæði þetta á ekki við hér. Hvað sem öðru líður, girðir regla 16. gr. laga nr. 14/1905 fyrir fyrningu kröfunnar.

Þá hefur ákærði andmælt bótakröfunni með þeim rökum, að þrotabúið hafi vegna tómlætis misst rétt til skaðabóta úr hendi hans. Í skýrslu, sem Davíð Einarsson, löggiltur endurskoðandi, gerði að ósk skiptastjóra þrotabúsins og lokið var 30. janúar 1991, kemur meðal annars fram, að könnun endurskoðandans hafi leitt í ljós, að ákærði hafi misfarið með fé, er hann fékk greitt fyrir skuldabréfið, sem getur í ákæru. Þegar skýrsla þessi var gerð, var mál ákærða ekki fullrannsakað, og beindist rannsókn að fleiri ætluðum brotum hans, sem hefðu getað leitt til skaðabótakröfu af hálfu þrotabúsins. Var þá ekki tilefni til að setja fram rökstudda skaðabótakröfu á hendur ákærða. Fresti til lýsingar krafna í þrotabú ákærða var þá lokið, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 16. nóvember 1990.

Niðurstaða ýtarlegrar könnunar Jóns Þ. Hilmarssonar í skýrslu 8. maí 1994, sem getið er í I. kafla, var sú, að ákærði hefði ekki skýrt með viðunandi hætti, hvernig hann ráðstafaði því fé, sem ákæra í þessu máli lýtur að. Var töluleg niðurstaða í síðarnefndri endurskoðandaskýrslu nokkru lægri en í skýrslu endurskoðanda frá 30. janúar 1991. Skýrist það einkum af því, að nýrra gagna var aflað, eftir að fyrri skýrslan var samin.

Skiptastjóri þrotabúsins bar skýrsluna frá 8. maí 1994 undir Davíð Einarsson endurskoðanda, sem lýsti því í bréfi 28. nóvember sama ár, að hann væri samþykkur niðurstöðu Jóns Þ. Hilmarssonar. Daginn eftir sendi skiptastjóri Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf og krafðist skaðabóta úr hendi ákærða. Krafan var kynnt ákærða, er hann var yfirheyrður 5. janúar 1995. Er bótakrafan með minni háttar leiðréttingu sundurliðuð og skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Skilyrði voru ekki til þess, að þrotabúið gæti sett fram og rökstutt skaðabótakröfu á hendur ákærða, fyrr en lokið var athugun endurskoðanda þess, sem kannaði fjármál Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. að tilhlutan rannsóknarlögreglu. Ekki verður talið óeðlilegt, að skiptastjóri leitaði umsagnar endurskoðanda þess, sem rannsakaði fjárhagsstöðu búsins í kjölfar úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Með hliðsjón af framansögðu þykir ákærði ekki geta borið fyrir sig, að bótakrafan sé fallin niður vegna tómlætis.

Samkvæmt framangreindu og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms eru staðfest ákvæði hans um bótarétt og höfuðstól skaðabótakröfu á hendur ákærða. Rétt þykir, að hann greiði dráttarvexti af kröfunni frá 5. janúar 1995.

Kröfu skiptastjóra um þóknun vegna gerðar skaðabótakröfu hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og verður hún tekin til greina, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Orvar Skaptason, sæti fangelsi í sex mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði protabúi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 3.701.159 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1995 til greiðsludags. Ákærði greiði protabúinu einnig kostnað, að fjárhæð 31.125 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, samtals 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. desember 1995.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 22. ágúst sl., og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 1. september. Það var þingfest 20. september. Aðalmeðferð fór fram 14. desember sl., og var málið þá tekið til dóms. Það var endurupptekið til framhaldsmeðferðar 22. desember skv. 131. gr. laga nr. 19/1991 og þá tekið til dóms að nýju.

Ákærður er Gunnar Orvar [í ákæru misritað Örvar] Skaptason, kt. 100254-7949, Laugateigi 18, Reykjavík, fyrir fjádrátt. Í ákæruskjali segir orðrétt:

„Ákærða er gefið að sök að hafa á árinu 1989, þegar hann var framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., kenni-

tala 630169-7209, sem úrskurðað var gjaldþrota 5. desember 1989, dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þarfir 3.707.910 kr. af söluandvirði skuldabréfs, að upphæð 8.172.134 kr., sem út gefið var 2. maí 1989 af Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna sem greiðsla til hraðfrystihússins vegna upp- gjörs á eignarhluta þess í sölu miðstöðinni og selt hafði verið í maímánuði sama ár fyrir 6.569.680 kr., en ákærufjárhæðin sundurliðast sem hér greinir:

Lagt inn á tékkareikning eiginkonu ákærða

nr. 12154 við Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ:

12. 5. 1989 kr. 500.000

30. 5. 1989 – 5.069.680 kr. 5.569.680

Frá dragast greiðslur ákærða í þágu

hraðfrystihússins á tímabilinu

17. 5. til 20. 9. 1989, teknar út

af tékkareikningnum kr. 1.861.770

Mismunur, sem ákærði hefur eigi

staðið skil á til þrotabús félagsins kr. 3.707.910

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar.

Protabúi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. krefst þess, að ákærði greiði skaðabætur, að fjárhæð 3.707.910 kr., auk lögmannspóknunar, 31.125,00 kr., og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. maí 1989 til greiðsludags.“

Leiðréttingu á ákæru gerði sækjandi málsins undir aðalmeðferð til lækku- nar á ákærufjárhæð úr 3.707.910 kr. í 3.701.159 kr. Fjárhæð skaðabótakröfu var lækkuð að sama skapi. Leiðréttingin er til kominn vegna samlagningar- skekkju í skýrslu löggilts endurskoðanda, sem liggur til grundvallar ákæru.

Sækjandi krafðist þess undir aðalmeðferð, að 249. gr. almennra heg- ningarlaga nr. 19/1940 yrði beitt til vara við ákvörðun refsingar. Var málið flutt með tilliti til þessa. Þá krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlauna í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Til vara krafðist hann þess, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og yrði refsing þá skilorðsbundin að öllu leyti og bótakröfu þá vísað frá dómi. Enn krafðist verjandi þess, að ákærði yrði sýknaður af bótakröfu, ef frávisunarkrafan yrði ekki tekin til greina. Verjandi krafðist málsvarnar- launa og að sakarkostnaður allur yrði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta er svo vaxið, að ákærði, Gunnar Orvar, var ráðinn fram- kvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá og með 15. desember 1988. Hinn 30. desember 1988 var haldinn hluthafafundur í félaginu, og var þá

kosin stjórn. Einn stjórnarmanna var Hannes Guðmundsson, tengdafaðir ákærða. Hann var á stjórnarfundum 30. janúar 1989 kosinn formaður stjórnar. Á stjórnarfundum 8. apríl 1989 var lagt fram bréf frá Hannesi, þar sem hann segir sig úr stjórninni af heilsufarsástæðum, „og var ákveðið, að Gunnar O. Skaptason tæki að sér stjórnarformennsku“, segir í fundargerð stjórnar.

Svo sem segir í ákæru, var Hraðfrystihús Grindavíkur hf. úrskurðað gjaldþrota 5. desember 1989. Frammi liggur í málinu skýrsla skiptastjóra þrotabúsins, Vilhjalms Þórhallssonar hrl., dags. 14. maí 1990. Þar segir m. a. þetta um aðdraganda og ástæður gjaldþrotsins:

„Eftir 15. sept. 1988 var engin fiskvinnsla hjá H. G. nema lítils háttar frýsting síldar þá um haustið. Fyrirtækið gat augljóslega ekki greitt skuldir sínar og var því í raun orðið gjaldþrota.

Eftir að Gunnar O. Skaptason tók við stjórn H. G. í desember 1988, var eini rekstur þess útgerð mb. Más, GK-55, smátíma síðla vetrar 1989, sem reyndar gekk brösótt.

Gunnar hefur sagt, að tilgangur sinn með hlutafjárkaupum í H. G. hafi verið að sameina rekstur þess og Lagmetisiðjunnar Garða hf. Viðræður höfðu átt sér stað við Glyngöre Limfjörð [Svo. Réttara væri Glyngöre Limfjörð. Innskot dómara.], danskt fyrirtæki í lagmetisiðnaði, um aðild.

Hugmyndir Gunnars gengu engan veginn upp þegar af þeirri ástæðu, að fjárhagur H. G. var nánast rústir einar, svo að ekki sé minnst á stöðu L. G. Skuldbreytingar og fyrirgreiðsla sjóða fékkst því eðlilega ekki. Gunnar réð ekki einu sinni yfir nægjanlegu atkvæðamagni í H. G. til samrunans.

H. G. fékk greiðslustöðvun 4. 2. til 5. 5. 1989, sem var framlengd til 5. 7. þ. á. [Leturbreyting dómara. Rétt er, að H. G. hafði greiðslustöðvun frá 10/2 til 10/7 1989. Innskot dómara.] Hún nýttist ekki. Af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að sjá, að samráð við lánardrottina hafi verið með réttum hætti.

Gjaldheimtan innsiglaði hús H. G. 12. júlí 1989. Már, GK-55, var seldur á nauðungaruppbóði 14. 9. 1989. Enn þráaðist G. við gjaldþroti, hélt enga stjórnarfundum frá 18. 5. 1989 til 2. 12. 1989 og sinnti ekki áskorun Guðmundar Kristjánssonar stjórnarmanns 8. 9. 1989 um aðalfund fyrir árið 1988. Loks 2. 12. 1989 samþykkti stjórn H. G. að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta.“

„Skýrsla vegna athugunar á bókhaldi og bókhaldsgögnum Hraðfrystihúss Grindavíkur“ liggur frammi í málinu. Hún var gerð af Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda, fyrir beiðni skiptastjóra þrotabúsins og er dagsett 30. janúar 1991. Þar kemur fram, að ekkert bókhald hafi verið fært hjá félaginu árið 1989. Bókhaldsgögnum hafi ekki verið haldið til haga og fylgiskjöl vanta í bókhaldið. Sjóðbók hafi ekki verið haldin, og þar með sé ekki hægt að rekja fjármál félagsins með öruggum hætti. Fylgiskjöl hafi reynst

vera um alla skrifstofu félagsins í möppum, skúffum og á borðum, þegar að hafi verið komið eftir gjaldþrotið. Auk þess hafi ákærði verið með bókhaldsgögn hjá sér og einnig Einar Lárusson, verkstjóri hjá Lagmetisiðjunni Garða. Þá segir í skýrslu þessari m. a.: „Hinn 2/5 [1989. Innskot dómara.] fékk Hraðfrystihúss Grindavíkur útborgaða með skuldabréfi inneign sína hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 8.172.134 kr. Þetta skuldabréf var selt Fjárfestingarfélagi Íslands 29. 5. 1989, og fengust 6.569.680 kr. í peningum, sem Gunnar Skaptason tók á móti. Þessir peningar voru ekki lagðir inn á reikninga í eigu Hraðfrystihúss Grindavíkur, og ekki verður séð á bókhaldsgögnum félagsins, að þeir hafi verið notaðir í þágu félagsins . . .“

Skriptastjóri þrotabúsins, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., ritaði ríkissaksóknara bréf 11. mars 1991 og tilkynnti um ætlað refsivert athæfi ákærða. Hið ætlaða refsiverða athæfi var þar rakið í fjórum liðum. Fjallar fjórði liðurinn um ráðstöfun ákærða á „séreignarsjóðum“ Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ríkissaksóknari sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins málið til rannsóknar með bréfi, dagsettu 4. júní 1991.

Frammi liggur í málinu skýrsla Jóns P. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, um bókhald og ráðstöfun fjármuna hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. árið 1989, dagsett 8. maí 1994. Segir þar í upphafi, að skýrslan sé gerð fyrir beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar er kafla um útborgun á eignarhluta Hraðfrystihúss Grindavíkur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Segir þar fyrst orðrétt:

„Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gaf út skuldabréf 2/5 1989 til greiðslu á eignarhluta Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. í Sölumiðstöðinni. Skuldabréfið er að nafnverði 8.172.134 kr., lánstími tíu ár og fyrsta afborgun 31. desember 1989. Vextir eru miðaðir við meðaltal af óverðtrygðum skuldabréfalánum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands og reiknast frá 1/1 1989.

Ráðstöfun skuldabréfsins er þannig:

Bréfið er selt Fjárfestingarfélagi Íslands hf. 29/5 1989 á 6.569.680 kr., og eru afföll og sölupóknun samtals 1.602.454 kr.“

Greint er frá því, að söluandvirði bréfsins hafi verið greitt í tvennu lagi. Fyrir fram hafi verið greiddar 12/5 1989 1.500.000 kr. og síðan greiddar 30/5 1989 5.069.680 kr. Fyrirframgreiðslunni hafi verið ráðstafað í þrennu lagi, tveimur greiðslum í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur, samtals 1.000.000 kr., en 500.000 kr. hafi verið lagðar inn á gullreikning í Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ, nr. 12154, í eigu Gerðar Hannesdóttur [eiginkonu ákærða]. Síðari greiðslan hafi öll verið lögð inn á reikning Gerðar, og hafi því samtals 5.569.680 kr. verið lagðar inn á þann reikning.

Síðan segir í skýrslunni:

„Við höfum reynt að rekja hugsanlega ráðstöfun af þessum reikningi til greiðslu kostnaðar í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.“ Gerð er síðan

grein fyrir 16 útborgunum af reikningnum, sem sagðar eru studdar ljósriti af fylgiskjölum og ljósriti tékka að hluta. Er samtala þeirra 665.386 kr. Þá er og gerð grein fyrir sjö útborgunum af reikningi Gerðar Hannesdóttur, sem sagðar eru studdar ljósriti tékka. Samtala þeirra er 594.831 kr.

Síðan segir orðrétt í skýrslunni:

„Samandregið yfirlit um ráðstöfun.

Samtals innlagt á gullreikning 12154 kr. 5.569.680

Frá dregst:

Ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum – 658.635

Ráðstöfun af gullreikningi 12154 samkvæmt tékkum – 594.831

Bensinnótur og fleira frá Gunnari Skaptasyni – 608.304

Staða á reikn. 12154 24/11 1989 – 719.061

Óskýrð ráðstöfun kr. 2.988.849“

Vitnið Jón P. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, leiðrétti fyrir dóminum færsluna „ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum 658.635 kr.“. Sú fjárhæð á að hækka um 6.751 kr. vegna samlagningarskekkju og á þá að vera 665.386 kr., sbr. hér að ofan, sbr. og leiðréttingu ákærufjárhæðar hér að framan. Niðurstöðufjárhæðin lækkar að sama skapi.

Ákærufjárhæðin er þá 2.988.849 kr. – 6.751 kr. + 719.061 kr. = 3.751.159(?) kr.

Í skýrslu endurskoðandans, Jóns P. Hilmarssonar, segir næst:

„Ofangreind ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum er fundin með samanburði á fylgiskjölum í bókhaldi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. og tékkum úr gullreikningi nr. 12154. Ljósrit voru fengin í innlánsstofnunum af tékkum á gullreikningi 12154, sem innleystir voru og líklegt þótti, að hefðu gengið til að greiða skuldir félagsins eða rekstrarkostnað. Að fullu er tekið tillit til greiðslna 968.720 króna, sem Gunnar Skaptason framkvæmdastjóri afhenti Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda. Hluti af nótum og reikningum, samtals 210.054 kr., er dagsettur fyrir 12/5 1989 og getur því strangt til tekið ekki talist eiga að koma til lækkunar á óskýrðri ráðstöfun. Til þessarar upphæðar er, eins og áður segir, þó tekið fullt tillit sem ráðstöfunar í þágu H. G. Ekki er lagt mat á réttmæti kostnaðar 968.720 kr.

Athygli er vakin á því, að ekkert er lagt inn á gullreikning 12154, eftir að 500.000 kr. eru lagðar inn á hann 12/5 1989 þar til 24/11 1989. Allar greiðslur, sem fara út af þessum reikningi, eru því greiddar af innstæðu, sem orðin er til úr innborgunum, er komu úr sölu skuldabréfs sölumiðstöðvarinnar, enda var staða reikningsins 12/5 1989 865,65 kr., þegar fyrri innborgunin var greidd. Engar greiðslur eru því gerðar af sjálfsaflafé framkvæmdastjórans eða eiginkonu hans á þessu tímabili.

Af þeim bókhaldsgögnum H. G., sem við höfum undir höndum, verður ekki ráðið, að ráðstöfun á 2.988.849 kr. hafi verið gerð í þágu fyrirtækisins. . .

Staða gullreikningsins 24/11 1989 er 719.061,44 kr., og er þar af leiðir [svo] á þeim degi ekki búið að endurgreiða H. G. allt andvirði skuldabréfsins, sem selt var fjárfestingarfélaginu. Skoða þarf ráðstöfun á þessum fjármunum og hvort þeim hafi verið ráðstafað í þágu H. G. eða skilað bústjóra eftir gjaldþrotaúrskurð.“

Með skýrslu Jóns P. Hilmarssonar, lögglits endurskoðanda, fylgir listi yfir reikninga og nótur „frá Gunnari Skaptasyni, sem hann skilar samkvæmt Davíð Einarssyni“, að fjárhæð samtals 968.720 kr.

Um rekstur málsins.

Sem fyrr segir, var mál þetta þingfest 20. september 1995. Þá óskaði verjandi ákærða eftir fresti til frekari gagnaöflunar. Málinu var þá frestað til 18. október sl. Þá var bókað í þingbók: „Verjandi tekur fram, að undanfarandi frestur til gagnaöflunar hafi ekki nýst, þar sem ákærði hafi þurft að fara skyndilega til útlanda 4. október sl. Dómari bendir á, að málið hafi verið þingfest 20. sept. og þá verið veittur fjögurra vikna frestur til gagnaöflunar. Sá frestur hafi ekki verið nýttur nægilega.“ Málinu var síðan frestað til 1. nóvember.

Á dómþingi 1. nóvember lagði verjandi ákærða fram langa bókun. Þar er það fullyrt, að rannsókn málsins sé ábótavant, og þess krafist, að það verði rannsakað frekar. „Rannsóknin beinist að því að upplýsa nákvæmlega, hvernig ákærði ráðstafaði andvirði skuldabréfs, sem hann f. h. Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. seldi Fjárfestingarfélaginu hf. í maí 1989. Ákærði telur sig hafa afhent bústjóra öll fylgiskjöl vegna þessa við upphaf gjaldþrota-skipta. Samkv. aðalskjalaskrá RLR [sem lögð var fram sem dskj. – Innskot dómara.] eru ekki öll þessi fylgiskjöl þar. Ákærði hefur leitað að þessum skjölum síðustu daga án árangurs. Hluti gagna þessara er hjá bústjóra, hluti hjá endurskoðanda og enn einn hlutinn hjá RLR, sem fannst þó ekki, þegar ákærði ætlaði að skoða þann hlutann. Nauðsynlegt er að safna saman gögnum þessum á einn stað og upplýsa betur þetta grundvallaratriði málsins, eftir atvikum með því að taka ljósrit af öllum tékkum, sem skrifaðir voru út af tékkareikningi eiginkonu ákærða nr. 315-26-12154, sem söluandvirði skuldabréfsins var lagt inn á.“

Síðar í þinghaldinu var bókað: „Fram kemur nú hjá sækjanda, að RLR vill koma til móts við óskir verjanda í undanfarandi bókun, þannig, að afla verði þeirra ljósrita af tékkum, sem verjandi æskir. Eru aðilar sammála um að afla þessara gagna. Óska þeir eftir, að málinu verði nú frestað til 28. nóvember nk., en þá verði miðað við, að gagnaöflun verði lokið og ákveðin

þá aðalmeðferð.“ Bókað var og, að miða skyldi við, að aðalmeðferð yrði 7. desember.

Á dómþingi 28. nóvember gerði ákærði grein fyrir því, að sér hefði ekki tekist að afla þeirra ljósrita tékka, sem til stóð að afla. Nokkur skoðana-skipti urðu um gagnaöflun þessa. Dómari ákvað að fresta málinu til 5. desember. Tók hann fram, að aðilar mættu búast við, að aðalmeðferð yrði þá ákveðin 7. desember, eins og fyrr hefði verið áætlað, og að öflun sýnilegra sönnunargagna yrði lokið í næsta þinghaldi.

Á dómþingi 5. desember lagði verjandi fram nokkur dómskjöl. Bókað var: „Verjandi upplýsir, að Búnaðarbanki Íslands hafi ekki enn afhent þau ljósrit tékka, sem beðið hafi verið um. Hann kveðst þó eiga von á að fá þessi gögn einhvern næstu daga.“ Í samráði við sækjanda og verjanda ákvað dómari nú, að aðalmeðferð skyldi fara fram 14. desember 1995. Aðilar lýstu lokið öflun sýnilegra sönnunargagna, „en verjandi hefur þó þann fyrirvara, að hann fái að leggja fram ljósrit umræddra tékka, og yrðu þeir þá sendir sækjanda og dómara með sólarhringsfyrirvara“.

Við aðalmeðferð undir málflutningi var þetta bókað í þingbók: „Hjá verjanda kemur fram, að ljósrit tékka á tékkareikning Gerðar Hannesdóttur hafi ekki verið lögð fram, vegna þess að umbeðin ljósrit hafi ekki öll borist frá bankanum. Þá bendir verjandi og á, að það sé ákæruvaldsins að rannsaka málið á báða vegu.“

Skýrslur fyrir dómi voru þessar: Ákærði kom fyrir dóm að gefa skýrslu. Skýrslur voru teknar af þessum vitnum: Hannesi Guðmundssyni, sem var stjórnarformaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. framan af árinu 1989, Einar Pór Lárussyni, Guðmundi Jóhanni Kristjánssyni og Herði Arasyni, sem allir sátu í stjórn Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 1989, Davíð Einarssyni og Jóni Þorbirni Hilmarssyni, löggiltum endurskoðendum, og Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., skiptastjóra þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., Óskari Magnússyni forstjóra, en hann var héraðsdómslögmaður og aðstoðarmaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., meðan á greiðslustöðvun þess stóð 1989.

Forsendur og niðurstöður.

Frávísunarkrafa verjanda ákærða er einkum á því reist, að því er fram kom í málflutningi, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rannsókn máls þessa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þessi dráttur sé skýlaust brot á Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Hraðfrystihús Grindavíkur hf. var úrskurðað gjaldþrota 5. desember 1989. Bústjóri (síðar skiptastjóri) var skipaður 7. sama mánaðar. Hinn 18. desember 1989 og 29. mars, 10. maí og 21. maí 1990 voru teknar skýrslur af ákærða og stjórnarmönnum í hinu gjaldþrota félagi í skiptarétti Grindavíkur. Hinn 11. mars 1991 tilkynnir skiptastjóri með bréfi ríkissaksóknara ætlað refsivert athæfi ákærða og stjórnarmanna í félaginu. Hin ætluðu brot voru

fjögur, og var eitt þeirra ætlaður fjárdráttur ákærða. Hinn 4. júní krefst ríkissaksóknari þess með bréfi, að Rannsóknarlögregla ríkisins rannsaki málið. Rannsókn hefst í ágúst það ár með gagnasöfnun. Fjórum sinnum var tekin skýrsla af ákærða fyrir RLR, 4. nóvember 1992, 10. maí 1993, 6. júní 1994 og 1. janúar 1995. Teknar voru og skýrslur af þremur stjórnarmönnum hins gjaldþrota félags og af eiginkonu ákærða, og voru þau öll yfirheyrð sem sakborningar. Rannsóknargögn bárust ríkissaksóknara frá RLR 9. maí 1995, og var ákæra í þessu máli gefin út 22. ágúst sl.

Rannsókn þessa máls var viðamikil. Rannsakað var ætlað refsivert athæfi á fleiri sviðum en þetta mál fjallar um. Rannsókn beindist og að fleiri mönnum en ákærða. Fallast má á, að rannsóknin í heild hafi tekið óæskilega langan tíma, en tæpast verður þó fullyrt, að hún hafi legið niðri óhóflega langan tíma í senn. Dómari fellst ekki á, að dráttur á meðferð málsins fyrir lögreglu megi verða til þess, að málinu verði vísað frá dómi.

Að mati dómara er málið nægjanlega upplýst, til að leggja megi á það efnisdóm.

Ákærði lýsti sig saklausan af ákæru þegar við þingfestingu málsins. Hann hélt því þá fram og síðar, að skuldabréfi því, sem ákæran tilgreinir, hefði öllu verið varið í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. Hann mótmælti og skaðabótakröfu þrotabúsins.

Vörn ákærða er einkum fólgin í tvennu:

1. Fleiri útborganir hafi verið greiddar af tékkareikningi Gerðar Hannesdóttur, eiginkonu ákærða, nr. 12154 í Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ, í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. en fram komi í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Hafa ákærði og verjandi hans haldið því fram, að málið sé að þessu leyti ekki nægjanlega upplýst.

2. Ákærði hafi átt inni laun hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur. Samkvæmt fram lögðum starfssamningi nemi ógreidd laun til ákærða hærri fjárhæð en ákærufjárhæðinni.

Verður nú fjallað um hvort þessara atriða fyrir sig.

1. Svo sem fram er komið, var ekki fært bókhald Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. fyrir árið 1989. Bókhaldsgögn fyrir þetta ár bárust skiptastjóra úr þremur stöðum: Skiptastjóri ásamt Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda, hirti skjöl af skrifstofu félagsins, og gögn bárust skiptastjóra frá ákærða og einnig frá Einari Þ. Lárussyni, stjórnarmanni og verkstjóra hjá Lagmetisidjunni Garða. Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu Davíðs Einarssonar, dags. 30. janúar 1991, er ljóst, að eitthvað af fylgiskjöllum vantar í bókhaldið vegna ársins 1989. Bókhaldsgögn þau, sem fundust, hafði Jón Þ. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, til athugunar, þegar hann samdi skýrslu sína fyrir RLR, sem fyrr var lýst og ákæra byggist á. Sýnt er, að ákærði er í niðurstöðum hans látinn njóta alls vafa um það, hvort útborganir af tékka-

reikningi Gerðar Hannesdóttur voru í þágu hraðfrystihússins eða í þágu ákærða.

Í skriflegri skýrslu eða athugasemdum, sem ákærði hefur lagt fram í málinu, segir:

„Í gögnum málsins virðist hvergi að finna fylgiskjöl þau, sem afhent voru Vilhjálmi Þórhallssyni. Fylgiskjöl þessi sýndu ráðstöfun á 5–5,5 millj. kr. af andvirði skuldabréfs. Voru þetta kvittanir, bankainnlegg, greiddir reikningar og aðrar nótur.“

Þessi fullyrðing ákærða er rakalaus. Ákærði hefur ekki gert líklegt, að neinar greiðslur hafi verið inntar af hendi með ávísunum á tékkareikning Gerðar Hannesdóttur nr. 12154 umfram þær, sem tekið var tillit til í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Máli þessu var frestað aftur og aftur fyrir dómi, til þess að ákærði eða verjandi hans gæti lagt fram ljósrit tékka á reikning þennan, sem hugsanlega gætu stutt vörn ákærða, en slík ljósrit hafa ekki verið lögð fram utan ljósrit eins tékka, út gefins 28. júní 1989, að fjárhæð 428.046,50 kr. Ekkert fylgiskjal fylgir tékkaljósrítnu, og alls er óvíst, til hvers þessi greiðsla hefur runnið.

2. Á hluthafafundi í Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf., sem haldinn var 30. desember 1988, var Hannes Guðmundsson, tengdafaðir ákærða, kosinn í stjórn félagsins. Á stjórnarfundi 30. janúar 1989 var hann kjörinn stjórnarformaður. Á stjórnarfundi 20. febrúar 1989 var Hannesi stjórnarformanni falið að semja um launakjör við framkvæmdastjórnann, ákærða í þessu máli. Fyrir næsta stjórnarfundi, 8. apríl 1989, lá bréf frá stjórnarformanninum, þar sem hann segir sig úr stjórn af heilsufarsástæðum.

Við þingfestingu málsins lagði verjandi ákærða fram dómskjal, sem ber yfirskriftina Starfssamningur. Skjal þetta ber með sér að vera samningur milli Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. og ákærða. Segir þar í 1. gr., að ákærði sé ráðinn framkvæmdastjóri félagsins frá og með 15. desember 1988. Í 3. gr. segir, að laun hans skuli vera 450.000 kr. á mánuði og fela í sér allar greiðslur fyrir yfir- og aukavinnu. Laun skuli fylgja almennum launabreytingum frá og með 1. janúar 1989. Um orlof og önnur hliðstæð réttindi skuli fara skv. almennum reglum.

Nefndur starfssamningur er dagsettur 23. febrúar 1989 og undirritaður af Hannesi Guðmundssyni f. h. hlutafélagsins og ákærða. Hann er óvottaður og var ekki í þeim bókhaldsgögnum, sem komust í hendur skiptastjóra. Ákærði hefur þó haldið því fram, að svo hefði átt að vera. Óskar Magnússon, sem var aðstoðarmaður hlutafélagsins á greiðslustöðvunartímanum, þá héraðsdómslögmaður, segir í bréfi til dómsins, sem hann hefur staðfest, að ákærði hafi haft launasamning við félagið. Samning þennan hafi hann séð á sínum tíma, en muni ekki efni hans. Hann bar, að fram lagður starfssamningur gæti verið sá samningur, sem hann sá, en gæti ekki fullyrt það.

Samkvæmt vætti vitnisins hafði það ekki hönd í bagga með gerð launasamnings milli ákærða og félagsins, en fram lagður samningur er dagsettur á greiðslustöðvunartíma. Ekki sést af fundargerðum stjórnar félagsins, að launasamningur hafi verið lagður fyrir stjórnina, hvorki til kynningar né samþykktar. Þeir stjórnarmenn félagsins, aðrir en Hannes Guðmundsson, sem vitni báru í málinu, könnuðust ekki við, að hann hefði verið kynntur þeim. Þá ber og að geta þess, að ákærði gaf skýrslu fyrir RLR 6. júní 1994, og var þá borin undir hann skýrsla Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Nefndi hann þá, að hann hefði átt inni laun hjá hlutafélaginu. Þá segir í skýrslunni: „Aðspurður um fjárhæð launa segir Gunnar, að hann geti ekki munað hana, en hún sé a. m. k. í samræmi við þessa fjárhæð, sem eftir stendur talin óútskýrð samkvæmt skýrslu Löggiltra endurskoðanda h/f og Gunnar hefur kynnt sér.“

Lagðar hafa verið fram í málinu skrár yfir launamenn hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur 1989 vegna staðgreiðslu skatta. Nafn ákærða er ekki á þessum skrár. Á skattframtali ákærða 1990, þ. e. fyrir 1989, sem lagt hefur verið fram, er Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. ekki getið sem launagreiðanda. Á skattframtalið er skráð þessi athugasemd: „Skattþegn varð atvinnulaus við gjaldþrot Lagmetisidjunnar Garða hf. og starfaði með slitrum árið 1989 við umboðssölu á fiski.“ Ekki er fram komið, að ákærði hafi lýst kröfu í þrotabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.

Ákærði var ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 15. desember 1988 og var það fram í desember 1989. Víst verður að telja, að honum hafi borið laun fyrir störf sín, enda var stjórnarformanni falið að semja við hann um þau. Starfssamningur sá, sem ákærði hefur lagt fram, er ekki til kominn með þeim hætti, að hann geti talist veita marktækar upplýsingar um það, hver laun ákærða voru eða áttu að vera. Jafnframt því að vera framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. var ákærði og framkvæmdastjóri Lagmetisidjunnar Garða hf. Ekki er upplýst, hvort honum báru laun fyrir störf sín fyrir það félag árið 1989 og þá hve há.

Forsendur og niðurstaða dómara í refsipætti málsins verða sem hér segir:

Ákærði hefur viðurkennt þá meðferð á skuldabréfinu, sem hann tók við f. h. Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og lýst er í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, sbr. og ákæru. Í skýrslu, sem hann gaf fyrir RLR 4. nóvember 1992, þá spurður um síðari innlögnina, 5.069.680 kr., er bókað eftir honum: „Þetta kveðst hann hafa gert, þar sem ekki var um neina aðra reikninga að ræða, sem hann gat notað. Reikningar félagsins voru lokaðir og þar af leiðandi eigin reikningar hans einnig ... Gunnar kvaðst síðan hafa greitt út af reikningi konu sinnar eftir þörfum þann kostnað og útgjöld, sem til féllu, eins og raunar komi fram á hreyfingalista, sem liggur frammi.“

Af fram lögðum skjölum og vætti vitna er leitt í ljós, að ákærði tók út inneign Hraðfrystihúss Grindavíkur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, án þess að um það væri rætt í stjórn félagsins og án þess að ráðfæra sig við stjórnarmenn. Þeir vissu þó, að aðild félagsins að sölumiðstöðinni hafði verið sagt upp og að félagið átti þar inneign. Ákærði ráðstafaði einnig skuldabréfinu og lagði mestan hluta andvirðis þess, svo sem í ákæru greinir, inn á tékkareikning eiginkonu sinnar án samráðs við stjórn félagsins eða stjórnarmenn. Þegar ákærði ráðstafaði fénu með þessum hætti, hafði hlutafélagið greiðslustöðvun samkvæmt lögum nr. 6/1978, og hafði Óskar Magnússon, þá héraðsdómslögmaður, verið ráðinn aðstoðarmaður félagsins við greiðslustöðvunina. Hann minntist þess ekki í vætti sínu fyrir dóminum, að hann hefði haft vitneskju um ráðstöfun ákærða á söluandvirði skuldabréfsins.

Með ráðstöfun sinni á söluandvirði skuldabréfsins, sem ákærði lagði inn á einkareikning eiginkonu sinnar, blandaði hann fé þessu saman við eigin fjárhag og konu sinnar, og dró sér þetta fé til eigin nota og e. t. v. sinna nánustu heimildarlaust. Upplýst er, m. a. með vætti Gerðar Hannesdóttur, eiginkonu ákærða, að innstæðan á tékkareikningnum var að einhverju leyti notuð í þágu heimilis þeirra, og var engin skipuleg aðgreining milli þeirrar notkunar og notkunar í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. Með þessu gerðist ákærði brotlegur við 247. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til sakaferils ákærða. Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur hann níu sinnum á árunum 1975 til 1990 gengist undir refsingu vegna umferðarlagabrota, og 29. júní 1990 hlaut hann refsingu, 37.000 króna sekt, fyrir brot gegn 73. gr. tékkalaga. Refsingar þessar hafa ekki áhrif á niðurstöðu þessa máls.

Þá ber og á það að líta, að rannsókn þessa máls hefur orðið mjög tímafrek. Þegar ákæra var út gefin, voru liðin rúmlega fjögur ár, frá því að RLR fékk málið til meðferðar.

Með tilliti til framanritaðs telur dómari, að rétt sé að skilorðsbinda refsingu ákærða. Þykir dómara refsingin hæfilega ákvörðuð fjögurra mánaða fangelsi. Falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Skaðabótakrafa þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. á hendur ákærða er skýr. Hún nemur þeirri fjárhæð, sem ákærði dró sér og nýtti heimildarlaust og gerð er rækilega grein fyrir í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, sbr. hér að framan. Þó að ákærði hafi átt launakröfu á hendur Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. eða síðar á hendur

Þrotabúi þess, er með öllu óvíst, hve há sú krafa var eða ætti að vera. Getur slík krafa ekki komið hér til álita. Ber því að dæma ákærða til að greiða skaðabótakröfuna að fullu. Vextir verða dæmdir sem bótakröfuhafi krefst, nema hvað rétt er að miða upphafstíma vaxta við 30. maí 1989, þegar ákærði lagði síðari greiðsluna, 5.069.680 kr., inn á tékkareikninginn. Krafan um lögmannsbóknun, 31.125 kr., er samkvæmt reikningi skiptastjóra á hendur þrotabúinu vegna þóknunar fyrir kröfugerð á hendur ákærða. Fylgir sá reikningur bótakröfunni til RLR. Er virðisaukaskattur innifalinn. Reikningurinn er greiddur. Kröfugerð þrotabúsins verður ekki skilin svo, að gerð sé krafa um vexti af þessari fjárhæð. Skiptastjóri, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir skaðabótakröfunni, en ekki krefst hann þóknunar fyrir það.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., sem skulu vera 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 kr.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Orvar Skaptason, sæti fjögurra mánaða fangelsi. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði þrotabúi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 3.701.159 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. maí 1989 til greiðsludags og auk þess 31.125 kr.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og 70.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð.